

## RE 202212082 - Stækkun Seyðisfjarðarhafnar

**Til** : Þórdís Stella Erlingsdóttir <thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is>; Skipulagsstofnun - SLS <skipulag@skipulag.is>  
**Frá** : Halldór Ó. Zoëga - SGS <halldor.zoega@samgongustofa.is>  
**Heiti** : RE 202212082 - Stækkun Seyðisfjarðarhafnar  
**Málsnúmer** : 202212082  
**Málsaðili** : Múlaþing  
**Skráð dags** : 10.03.2023 00:00:00  
**Höfundur** : Halldór Ó. Zoëga - SGS <halldor.zoega@samgongustofa.is>

**Viðhengi** [image001.png](#)

Góðan daginn

Með tölvupósti dagsettum þann 24. janúar s.l. var óskað umsagnar Samgöngustofu um fyrirhugaða stækkun Seyðisfjarðarhafnar.

Samgöngustofa gerir ekki sérstakar athugasemdir við lýsingu á fyrirhugaðri framkvæmd en bendir á að á þess sé gætt á framkvæmdatíma að gætt verði að öryggi siglinga um höfnina og hafnarsvæði, að ávallt sé gætt að því að siglingamerki séu rétt og í lagi og að ekkert skyggi á siglingamerki.

Samgöngustofa bendir einnig á lög nr. 132/1999 um vitamál og lög nr. 61/2003 um hafnamál en í þessum lögum og reglugerðum settum með stoð í þeim, koma fram kröfur til mannvirkja og sjómerkja, sem uppfylla þarf. Einnig er bent á hlutverk Vegagerðarinnar þegar kemur að hafnaframkvæmdum og sjómerkjum en samkvæmt fyrilliggjandi gögnum verður verkið unnið í samstarfi við Vegagerðina.

Með kveðju / Best regards,

**Halldór Ó. Zoëga - SGS**

Deildarstjóri siglinga- og hafnaeftirlits / Specialist, Port Installations and Maritime Navigation



Icelandic Transport Authority  
Ármúli 2, 108 Reykjavík Iceland

Sími / Phone +354 480 6000  
[www.samgongustofa.is](http://www.samgongustofa.is) / [www.icetra.is](http://www.icetra.is)

Verndum umhverfið, prentum sem minnst  
[Fyrirvari við tölvupóst - email disclaimer](#)



Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík

Egilsstöðum, 8. mars 2023  
Málsnr. 202302069

### Efni: Stækkun Seyðisfjarðarhafnar

Vísað er til erindis frá Skipulagsstofnun, dags. 24. janúar sl., þar sem ofangreint erindi er sent Múlaþingi til umsagnar í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021. Í umsögninni skal koma fram hvort nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði þarf að skýra frekar og hvort þau kalli á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

### Inngangur

Múlaþing, í samstarfi við Vegagerðina, áformar að stækka Seyðisfjarðarhöfn til þess að bæta getu hafnarinnar við móttöku skemmtiferðaskipa auk annarra skipa þegar Norræna er í höfn. Aðstæður í smábátahöfninni verða sömuleiðis bættar.

Framvæmdin er tilkynningarskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matsskyldu, skv. tl. 10.10 í 1. viðauka laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 111/2021, þar sem um er að ræða hafnarframkvæmdir sem falla ekki undir lið 10.9.

### Samantekt með hliðsjón af 2. viðauka.

#### Eðli framkvæmdar

Framkvæmdin felur í sér lengingu á núverandi viðlegukanti um 200 m og gerð nýs viðlegukants sem verður um 80 m langur og kemur til með að skýla smábátahöfninni fyrir innan þar sem gert er ráð fyrir flotbryggju.

#### Staðsetning framkvæmda

Fyrirhugað framkvæmdasvæði er skilgreint sem hafnarsvæði í Aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar 2010-2030. Hluti svæðisins tilheyrir jafnframt deiliskipulagi Fjarðarhafnar, Pálshúsreits og Öldunnar sem tók gildi 2017. Samhliða undirbúningi fyrirhugaðrar framkvæmdirar er unnið að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi og samþykkti sveitarstjórn á fundi 11. janúar 2023 að kynna skipulags- og matslysingu vegna aðalskipulagsbreytingar.

#### Hugsanleg áhrif framkvæmdar

Samkvæmt fyrilliggjandi skýrslu eru áhrif fyrirhugaðra framkvæmda engin á gróður, vistgerðir og fornminjar. Óveruleg áhrif eru talin verða á fuglalíf, jarðmyndanir, hafstrauma og lífríki sjávar auk landslags og ásýndar. Samfélagsleg áhrif eru metin töluvert jákvæð.

### Niðurstaða

Umfjöllun um fyrirhuguð umhverfisáhrif framkvæmdarinnar er talin fullnægjandi og gefur ekki tilefni til frekari rannsóknar.



## Leyfisveitingar á hendi Múlaþings

Múlaþing veitir framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdum eða afmörkuðum þáttum þeirra á grundvelli skipulagsáætlana í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Einnig byggingarleyfi fyrir þeim mannvirkjum sem falla undir ákvæði laga um mannvirki nr. 160/2010, þ.e.m.t. byggingar vinnubúða og tilheyrandi aðstöðu fyrir framkvæmdaaðila.

Ofangreind umsögn var samþykkt á 32. fundi heimastjórnar Seyðisfjarðar sem haldinn var þann 8. mars 2023.

Virðingarfyllst,  
f.h. Múlaþings

Sóley Valdimarsd.  
Sóley Valdimarsdóttir,  
f.h. skipulagsfulltrúa

**Skipulagsstofnun**

Borgartúni 7b

105 Reykjavík

[skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is), [thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)**Efni: Umsögn vegna stækunar Seyðisfjarðarhafnar skv. 19. gr.  
laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021.**

Vegagerðin hefur farið yfir greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu dagsett 20.01.2023, sem fylgdi með beiðni um umsögn.

Í greinargerðinni er t.d. getið um landfyllingu, færslu bygginga og stækun hafnar þar sem efnisþörf í landfyllingu verði allt að 395.000 m<sup>3</sup> ýmist tekið úr Fjarðarheiðargöngum, Skaganámu og mögulega úr námunni í Stafdal.

Síða 1/1

Minnt er á ákvæði vegalaga nr. 80/2007 svo sem veghelgunarsvæði, umferðarþunga og heimildir til vegtenginga við þjóðvegi.

Fram kemur að framkvæmdasvæði bryggjunnar er undir 1 ha og er staðsett innan hafnar og framkvæmdasvæði fyllingarsvæðis er undir 5 ha og því er umfang þeirra undir þeim viðmiðum sem getið er í lögum um matsáætlun framkvæmda.

Vegagerðin telur að framkvæmdin skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum þar sem rask vegna mannvirkja er innan skilgreindis hafnarsvæði og umfang framkvæmda lítið.

Að öðru leyti gerir Vegagerðin ekki athugasemdir við innsenda greinargerð.

  
Virðingarfyllst  
f.h. Vegagerðarinnar  
Jón Valgeir Sveinsson  
Deildarstjóri  
Tæknideild Austursvæði

**Vegagerðin**  
Suðurhrauni 3  
210 Garðabæ  
+354 522 1000

vegagerdin  
[@vegagerdin.is](mailto:@vegagerdin.is)



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Minjavörður Austurlands  
Bakka 1 765 Djúpavogi

Skipulagsstofnun  
Borgartúni 7 b  
105 Reykjavík

Djúpivogur, 24. febrúar 2023  
MÍ202301-0182 / 6.07 / P.E.H.

## Efni: Nýtt hafnarsvæði á Seyðisfirði, Múlaþing – mat á umhverfisáhrifum

Minjastofnun Íslands hefur móttekið tölvubréf Skipulagsstofnunar frá 24. janúar 2023 þar sem óskað er eftir umsögn um hvort ofangreind framkvæmdir skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Meðfylgjandi var greinargerð, dags. 20.01.2023.

Múlaþing í samstarfi við Vegagerðina, áformar að stækka Seyðisfjarðarhöfn. Framkvæmdin felur í sér nýjan stálþilsviðlegukant og verður smábátahöfnin færð innan við hann. Framkvæmdarsvæðið er við Hafnargötu á Seyðisfirði þar sem Búðará rennur til sjávar en hún skiptir framkvæmdarsvæðinu í tvennt. Núverandi viðlegukantur verður framlengdur um 200m og utar kemur svo annar 80m viðlegukantur sem sveigir í átt að landi til að skýla smábátahöfninni.

Puríður Elísá  
Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands  
thuridur@minjastofnun.is

Ekkert deiliskipulag er í gildi á stærstum hluta framkvæmdarsvæðisins en sveitarfélagið vinnur þessa stundina að breytingu á gildandi aðalskipulagi Seyðisfjarðarkaupstaðar, breytingu á gildandi deiliskipulagi svæðisins auk gerðar á nýju deiliskipulagi sem nær yfir hafnarsvæðið.

Í kafla 4.6 er fjallað um landslag og ásýnd og þar segir að hafnarmannvirki séu lágreist og skaga ekki út í fjörðinn og munu falla vel að núverandi höfn. Stærri viðlegukantur mun fjölga skipum sem haegt er að taka á móti og á sama tíma geta fleiri skip legið við bryggju. Framkvæmdaraðli metur áhrif á landslag og ásýnd óveruleg þar sem framkvæmdir munu falla vel að núverandi hafnarmannvirkjum og eru hvorki áberandi né breyting á núverandi landslagi.

Í kafla 4.7 er fjallað um fornminjar. Þar segir að allt framkvæmdarsvæðið sé á manngerðri landfyllingu, grjótvarnargarði eða sjó. Einnig segir þar að engin hús eða mannvirki séu innan framkvæmdarsvæðisins. Framkvæmdaraðli metur því áhrif á fornleifar sem engin.

### Athugasemdir Minjastofnunar Íslands

Minjastofnun vekur athygli á því að fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri.

Ekki liggur fyrir fornleifaskráning sem nær yfir hafsbottn fyrirhugaðs framkvæmdarsvæðis. Svæðið er töluvert raskað vegna landfyllingar,

dýpkanaframkvæmda og síðan er hluti þess þaki skriðuefni frá ofanflóðunum 2020. Líkurnar á því að minjar leynist á hafslotni innan svæðisins eru því ólíklegar.

Framkvæmdaráformin kunna að hafa sjónræn áhrif á menningarminjar á landi. Við sjávarbakkann standa tvö hús sem falla undir lög um menningarminjar. Hafnargata 11 er friðlýst hús frá 1918 og Hafnargata 25 er friðað hús, reist 1886. Með fyrirhuguðum framkvæmdum er verið að breyta umhverfi þeirra þar sem smábátahöfnin verður færð austar og þar með nær þeim húsunum. Einnig eru heimildir um fleiri sjóhús sem stóðu við sjávarbakkann eins og sjá má í fornleifaskráningarskýrslu Bjarka Borgþórssonar og Ólafs Péturssonar frá 2009; *Fornleifaskráning Seyðisfjarðar*. Unnin vegna aðalskipulags Seyðisfjarðarkaupstaðar 2009-2029.

*Minjastofnun Íslands telur að fyrir liggi fullnægjandi gögn um menningarminjar á fyrirhuguðu áhrifasvæði ofangreindar framkvæmdar. Stofnunin telur að ofangreind framkvæmd skuli ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 segir:*

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

*Einnig vekur stofnunin athygli á 2. mgr. 24. gr. laga um menningarminjar sem hljóðar svo:*

Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skyld að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.

Nánari upplýsingar veitir undirrituð.

Virðingarfyllst,



Puríður Elísia Harðardóttir  
Minjavörður Austurlands

Afrit sent í tölvupósti:  
Skipulagsstofnun ([skipulag@skipulag.is](mailto:skipulag@skipulag.is))

23. febrúar 2023

Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

## Stækkun Seyðisfjarðarhafnar, umsögn um matsskyldu

Með tölvupósti dags. 24. janúar sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir álti Heilbrigðisnefndar Austurlands á því hvort og þá á hvaða forsendum fyrirhuguð stækkun Seyðisfjarðarhafnar skuli háð mati á umhverfisáhrifum. Til grundvallar var greinargerð frá verkfræðistofu Eflu dagsett 20.1.2023. Í greinargerðinni kemur fram að stækkunin geri ráð fyrir nýjum 280 m viðlegukanti og breytingu á smábáta höfninni. Heildarefnispörf framkvæmdarinnar er metin 149.000 m<sup>3</sup> og er gert ráð fyrir að efni verið fengið úr Fjarðarheiðargöngum. Undirrituð hefur f.h. Heilbrigðisnefndar kynnt sér greinargerðina.

Fram kemur í greinargerð að nýr viðlegukantur og smábáta höfn stórbæti aðstöðu fyrir skemmtiferðaskip og strandveiðibáta og metur framkvæmdaaðili að það muni hafa tölverð jákvæð áhrif á samfélagið. HAUST hafa borist kvartanir frá íbúum vegna slæmra loftgæða á Seyðisfirði sem tengja má við úrblástur frá skemmtiferðaskipum. Landtenging við rafmagn í framtíðinni skiptir því máli fyrir hljóðvist og loftgæði í firðinum, eins og fram kemur í skýrslunni.

Sú framkvæmd sem lýst er í greinargerðinni er ekki starfsleyfisskyld skv. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit og því ekki háð leyfi Heilbrigðisnefndar Austurlands.

*Að framansögðu og með hliðsjón af eðli framkvæmdarinnar, umfangi hennar og staðsetningar og að teknu tilliti til 2. viðauka laga nr. 106/2000 um mat á umhverfisáhrifum er það mat Heilbrigðisnefndar Austurlands að framkvæmdin hafi ekki í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum.*

Virðingarfyllst

f.h. Heilbrigðisnefndar Austurlands



Lára Guðmundsdóttir  
Framkvæmdastjóri HAUST

Skipulagsstofnun  
Bt. Þórdísar Stellu Erlingsdóttur  
Borgartúni 7b  
105 Reykjavík  
[thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is](mailto:thordis.stella.erlingsdottir@skipulag.is)

Dags. 22.02.2023  
Tilv. 5618-0-0005  
Mál 2023-0036

---

Með erindi dags. 24. janúar sl. óskaði Skipulagsstofnun eftir umsögn Veðurstofu Íslands um stækkun Seyðisfjarðarhafnar.

Umsögn Veðurstofu Íslands er sem hér segir:

Um hættusvæði á áður óbyggðum svæðum gilda 16. og 11. grein í reglugerð 505/2000 með síðari breytingum í 11. grein segir:

„Óheimilt er að skipuleggja íbúðabyggð, frístundabyggð eða svæði fyrir atvinnustarfsemi á áður óbyggðum svæðum nema tryggt sé að áhætta fólks m.t.t. ofanflóða verði ásættanleg, sbr. 11. gr.“

Þessi skilyrði eru strangari en þau sem vísað er til í greinargerðinni.

Virðingarfyllst,



Árni Snorrason  
Forstjóri Veðurstofu Íslands

Skipulagsstofnun  
Borgartún 7b  
105 Reykjavík

Hafnarfjörður, 14.02.2023  
2023-01-0035  
GÁÓ

### Málefni: 202212082 - Stækken Seyðisfjarðarhafnar

Vísað er til erindis Skipulagsstofnunar dags. 24. janúar 2023, varðandi greinagerð með tilkynningu Múlaþings um stækken Seyðisfjarðarhafnar skv. 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana nr. 111/2021. Í samræmi við 20. gr. laga nr. 111/2021 var óskað eftir umsögn Hafrannsóknastofnunar.

Skipulagsstofnun tiltekur að í umsögninni þurfí að koma fram “hvort umsagnaraðili telji að nægjanlega sé gerð grein fyrir framkvæmdinni, umhverfi hennar, umhverfisáhrifum, mótvægisáðgerðum og vöktun eftir því sem við á. Jafnframt hvort og þá hvaða atriði umsagnaraðili telur þurfa að skýra frekar og hvort þau kalli að hans mati á að framkvæmdin fari í umhverfismat að teknu tilliti til viðmiða í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana.”

Í greinargerð með tilkynningu til ákvörðunar um matsskyldu er eftirfarandi samantekt á væntum áhrifum á lífríki á starfssviði Hafrannsóknastofnunar „Þegar horft er til þess að ekki er búist við miklu gruggi í fyllingarefninu sem er hreint berg, innan við 1 ha af sjávarbotni fer undir landfyllingu, að sjávarbotn á svæðinu sé nú þegar mikið raskaður og að botndýralíf í Seyðisfirði sé algengt á grunnsævi við Ísland, þá er það mat framkvæmdaraðila að áhrif á botndýralíf og lífríki sjávar verði óveruleg.”

Hafrannsóknastofnun gerir ekki athugasemd við ofangreinda samantekt og forsendur framkvæmdaaðila.

F.h. Hafrannsóknastofnunar, rannsókna- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna,

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir

Guðbjörg Ásta Ólafsdóttir